

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

#### 1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

#### 2. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. og hitaflétir séu nægjanlega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

#### 3. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. lætur notanda í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. lætur notanda í dreifbýli í té vatnsmagn samkvæmt 4. gr. um hemil sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Hemill þessi skal innsiglaður og er húseiganda/-notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli hemilsins.

#### 4. gr.

##### *Hitaveitugjöld fyrir þéttbýli.*

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

Heitt vatn um rennslismæli:

	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Með 25,5% vsk	Grunnur
Fyrir hvern rúmmetra vatns	97,50	99,45	106,41		kr./m <sup>3</sup>
Hver rúmmetri vatns í lausasölu	194			243,47	kr./m <sup>3</sup>
Afgreiðslugjald frá kyndistöð	1.350			1.694,25	

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í fjóra flokka.

Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Grunnur
15 mm	13.270	13.535,40	14.482,88	kr./ári
20 mm – 25 mm	29.920	30.518,40	32.654,69	kr./ári
32 mm – 50 mm	60.125	61.327,50	65.620,43	kr./ári
65 mm og stærri	83.714	85.388,28	91.365,46	kr./ári

##### *Hitaveitugjöld fyrir dreifbýli.*

##### **Eyvindarárveita.**

Heitt vatn um rennslismæli:

	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Grunnur
Fyrir hvern m <sup>3</sup> /hemil	90	91,80	98,23	kr./m <sup>3</sup>
Aukamælir/sami notandi	80	81,60	87,31	kr./m <sup>3</sup>
Mín.l á mánuði, lágmark 3 l	1.922	1.960,44	2.097,67	mín.l/mán
Mín.l á mánuði, umfram 3 l	1.730	1.764,60	1.888,12	mín.l/mán
<i>(á við þar sem eingöngu er hemill)</i>				

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.  
Þar er einn flokkur.

Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Grunnur
15 mm – 20 mm	16.995	17.334,90	18.548,34	kr./ári
25 mm	26.820	27.356,40	29.271,34	kr./ári

### Vallaveita.

Heitt vatn um rennslismæli:

	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Grunnur
Fyrir hvern m <sup>3</sup> /hemil	107	109,14	116,78	kr./m <sup>3</sup>
Aukamælir/sami notandi	107	109,14	116,78	kr./m <sup>3</sup>
Mín.l á mánuði, lágmark 3 l	2.278	2.323,56	2.486,21	mín.l/mán
Mín.l á mánuði, umfram 3 l	1.823	1.859,46	1.989,62	mín.l/mán
<i>(á við þar sem eingöngu er hemill)</i>				

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.  
Þar er einn flokkur.

Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk.	Grunnur
15 mm – 20 mm	20.150	20.553	21.991,71	kr./ári
25 mm	26.820	27.356,40	29.271,34	kr./ári

### 5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

### 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði einu sinni á ári, en notkun þess á milli áætluð. Heimilt er að fækka eða fjölgja álestrum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar greiðist álestrargjald kr. 1.500.

### 7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd á eindaga.

### 8. gr.

Heimæðargjöld hitaveitunnar til húshitunar skulu miðast við brúttórúmmál húss skv. byggingarreglugerð og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

*Heimæðargjöld í þéttbýli.*

Virðisaukaskattur reiknast 7% á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 25,5% á heimæðargjöld til annarra nota.

Sverleiki pipu	Viðmiðunarstærð húsnaðis	Kr.	Með 7% vsk	Með 25,5% vsk
20 mm	allt að 1.200 m <sup>3</sup>	236.122	252.651	296.333
25 mm	1.200 – 2.600 m <sup>3</sup>	382.255	409.013	479.730
32 mm	2.600 – 4.000 m <sup>3</sup>	585.000	625.950	734.175
40 mm	4.000 – 10.400 m <sup>3</sup>	851.680	911.298	1.068.858
50 mm	10.400 – 21.000 m <sup>3</sup>	1.245.480	1.332.664	1.563.077
65 mm		1.718.440	1.838.731	2.156.642

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

*Heimæðargjöld í dreifbýli.*

Virðisaukaskattur reiknast 7% á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 25,5% á heimæðargjöld til annarra nota.

**Eyvindarárveita.**

Sverleiki pipu	Viðmiðunarstærð húsnaðis	Kr.	Með 7% vsk	Með 25,5% vsk
20 – 25 mm	allt að 1.200 m <sup>3</sup>	664.450	710.962	833.885
32 – 40 mm	1.200 – 2.600 m <sup>3</sup>	939.100	1.004.837	1.178.571

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

**Vallaveita.**

Sverleiki pipu	Viðmiðunarstærð húsnaðis	Kr.	Með 7% vsk	Með 25,5% vsk
20 – 25 mm	allt að 1.200 m <sup>3</sup>	1.287.500	1.377.625	1.615.813

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

*Lengdargjald.*

Lengdargjald í þéttbýli, greitt skal fyrir hvern metra umfram 25 metra innan lóðarmarka kr./m 4.940.

Lengdargjald í dreifbýli, greitt er frá stofnlögn að tengistað heimtaugar að frádregnum 50 metrum kr./m 4.940.

Nú eru fleiri en eitt hitakerfi í húsi með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 26.100 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Sé sameiginleg heimæð lögð í parhús þó þannig að lögnin sé klofin utan við útvegg og sérstök tengigrind komi í hvora íbúð skal greiða kr. 77.077 í aukagjald.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er upp að hluta er heimilt að fella niður heimæðargjald af þeim hluta hússins sem ekki er hitaður. Verði breyting á starfsemi í slíku húsi þannig að farið verði að hita það allt upp þá er allt heimæðargjaldið gjaldfallið skv. gjaldskrá þess tíma sem breytingin á sér stað.

## 9. gr.

Heimæðargjald skal greitt samkvæmt gjaldskrá. Eigandi fær upplýsingar um heimæðargjald eftir að umsókn um heimæð hefur borist. Heimæðargjald skal greitt áður en vinna við lagningu hefst.

## 10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á ádur-nefndri vísitölu, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

## 12. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimtaug og hitakerfi skerðir það ekki rétt hitaveitunnar til að loka fyrir aðrennslí heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Innheimtugjald vegna vanskila notanda er kr. 2.500. Allan kostnað af lokun og opnum á ný greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 4.510 í hvert sinn.

## 13. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigluðum tengihlutum veitunnar. Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

## 14. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 844/2010.

*Iðnaðarráðuneytinu, 10. apríl 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Erla Sigríður Gestsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2012